



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26.02.2009

Efni: Frumvarp til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara o.fl., 313. mál

Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið er markmið þess að koma á samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings. Að mati Samtaka atvinnulífsins er æskilegt að slíkt markmið náist. Hins vegar verður að horfa á lífeyris- og launakjör sömu aðila í heild sinni.

Launakjör þingmanna og ráðherra eru ákaflega ógagnsæ. Þau ráðast af þrennu:

1. Ákvörðunum kjararáðs
2. Ákvörðunum teknum á Alþingi um álagsgreiðslur
3. Sérstökum lífeyriskjörum, sbr. lög nr. 141/2003, sem kjararáð hefur þó ekki tekið tillit til.

Launakerfið er nánar tiltekið þannig byggt upp að kjararáð ákveður þingfararkaup en við það bætast síðan álagsgreiðslur sem fara eftir ábyrgð. Forseti þingsins fær t.d. ráðherralaun (79,5% álag á þingfararkaup), formenn stjórnmalaflokka sem ekki eru ráðherrar fá 50% álag á þingfararkaup, varaforsetar þingsins og formenn nefnda fá 15% álag og varaformenn tveggja nefnda fá 10% álag. Aðrir fá ekki álag á þingfararkaup.

Samtök atvinnulífsins telja æskilegt að laun og starfskjör þingmanna og ráðherra séu gagnsæ og að ráðamenn deili lífeyriskjörum með almennungi. Í þessu efni verður þó í fyrsta lagi að hafa í huga að lífeyriskjör opinberra starfsmanna eru mun betri en úðkast á almennum vinnumarkaði. Alþingismenn og ráðherrar eru ekki opinberir starfsmenn og í því felst ekki jafnræði í lífeyrismálum að ákvarða alþingismönnum og ráðherrum lífeyriskjör samkvæmt reglum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í annan stað þarf að líta til þess að Alþingi hefur nýlega sett lög sem fólu í sér að kjararáð skyldi fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra, sbr. lög nr. 148/2008 um breytingu á lögum nr. 47/2006 um kjararáð. Til þess að hæft fólk sækist eftir því að sinna mikilvægum störfum þingmanna og ráðherra þurfa laun þeirra að vera samkeppnisfær. Samræming á lífeyriskjörum alþingismanna og ráðherra til jafns við lífeyriskjör fólks á almennum vinnumarkaði eru æskileg, en þau kalla á endurmat á launakjörum sömu aðila.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri